# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 45

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bnf. 16/4 '10
By. 7

# Eptirrit

af fundargjörð byggingarnefndarinnar 16. apríl

Ár 1910 þ. 16. apríl kom byggingarnefndin saman á fund á skrifstofu Borgarstjóra í fyrsta sinn eptir að bæjarstjórnin hafði á ný kosið í nefndina. Skrifari var kosinn Rögnvaldur Ólafsson. Gjörðist þá það er hjer segir.

1.

Tryggva Árnasyni, trjesmið leyft að gjöra breytingu á húsi hans við Hverfisgötu, samkv. uppdrætti.

2.

Guðm. Hannesson, hjeraðslæknir sækir um að mega byggja íbúðarhús einlypt með porti 16 × 16 álnir á horni Hverfisgötu og framlengingu Ingólfsstrætis, en lóð undir húsið hefur hann keypt af landsstjórninni. Byggingarnefndin vísar til fundarsamþyktar sinnar 17. marz f. á. að hún ógjarnan vilji leyfa nema vönduð hús og sjeleg við Hverfisgötu neðanverða, og vill skjóta því til bæjarstjórnarinnar hvort hún vill leyfa að byggja hús á þessum stað, þeirrar stærðar og gerðar, sem teikningar af húsinu sýna.-

3.

Alþingismaður Hannes Þorsteinsson sækir um leyfi til þess að mega láta tröppur út af fyrirhugaðri búð í austurenda Austurstrætis Nr. 3 ná 30 þuml. út á gangstjettina. Nefndin getur ekki mælt með því, að undanþága þessi verði veitt.

4.

Emil Jensen, bakara leyft að byggja íbúðarhús 21½ × 1[illegible] álnir + 6¼ × 12 álnir með skúr 3¾ × 3¾ ál. og salerni 3¾ × 2¼ al. við Þingholtsstræti 23, á lóð húss þess, er hann á.— Hann sækir um að verða undanþeginn því að greiða byggingarleyfisgjald. Nefndin er því mótfallin að sú undanþága verði veitt.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5.

Jóhann Jóhannesson sækir um að fá undanþágu, að viðirnir í grindinni á geymsluhúsi, er hann byggir við Laugaveg 17, megi vera 3×4 og 3×3 í staðinn fyrir 4×5 og 4×4. Byggingarnefndin vill ekki mæla með, að hann fái undanþágu þessa.

6.

C. Fredericksen, bakari sækir um leyfi til að byggja bakarí og íbúðarhús við Vesturgötu norðanverða andspænis gamla Hotel Reykjavík, 17½×15° með viðauka 29¾ ferhyrningsálnir. Byggingarnefndin vill því að eins leyfa bygginguna hússins, að það verði sett svo norðarlega á lóðinni, að 20 álnir verði yfir að Hotel Reykjavík enda ætlast nefndin til að Vesturgata verði 20 álnir á breidd. Ennfremur vill nefndin ekki mæla með því, að undanþága verði veitt að því er þakhalla snertir, og er byggingarleyfið einnig því skilyrði bundið, að þakhallinn verði í samræmi við 13. gr. byggingarsamþ.

7.

Jón Þórðarson, kaupm. sækir um leyfi til að byggja hús við Bankastræti milli húsanna Þingholtsstræti 1 og Bankastræti 10 að stærð 15¾°×14¾°. Jafnframt verða rifnir niður 2 skúrar 9¼×9½° og 4½×6°. Nefndin veitti hið umbeðna leyfi. Gangur að minnsta kosti 3 álna breiður skal gjörður frá Ingólfsstræti inn á óbyggðu lóðina, eins og uppdrátturinn sýnir.

8.

Hannes Thorarensen og Jón ~~Þórðarson~~ Jakobsson sækja um að mega breyta erfðafestulandi þeirra fyrir ofan Þingholtsstræti, Steinholtsbletti í byggingarlóðir, samkvæmt uppdrætti, er beiðninni fylgir. Nefndin leggur til að heimilað verði að breyta erfðafestulandinu í byggingarlóðir, með því skilyrði, að bærinn fái ókeypis land það, er þarf undir Grundarstíg og undir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þvergötu milli Laufásvegar og Bergstaðastrætis; og ennfremur að landeigendur greiði hið áskilda gjald 20% í bæjarsjóð. –

9. –

Beiðni Ólafs gullsmiðs Sveinssonar að mega breyta húsi hans í Austurstræti Nr. 5 vísað til byggingarfulltrúa til athugunar um stiga- leiða viðamma ofl. og honum falið að leita samkomulags við umsækjanda.

10. –

H. Th. A. Thomsen leyft að setja hurð á vesturgafl vörugeymsluhúss þess, er liggur að pallinum við bæjarbryggjuna. Leyfið veitt með því skilyrði að hurðin verði látin ganga inn í húsið. –

11.

Þorleifi Guðmundssyni veitt leyfi til að byggja upp hús það, er brunnið á Þvottagerði fyrir nokkru, íbúðarhús 12×10 álnir með skúr 2×2 áln. og áfastri hlöðu og fjósi 6×12 áln. Leyfið er bundið því skilyrði, að vagnfær vegur verði gjörður heim að hússtæðinu áður en byrjað er að byggja. –

12.

Vilhj. Bjarnarsyni á Rauðará leyft að byggja fjós og heyhlöðu á Rauðará, að stærð 12×22 álnir með skúr 6½×5 áln. og ofanbyggt port 6×17½. Samþykki heilbrigðisnefndar áskilið. –

13.

Guðríður Jónsdóttir sækir um leyfi til að byggja geymsluhús úr steinsteypu við Laugaveg 33, með eldvarnarvegg að lóðarmörkum. Þetta vill nefndin veita, en vill ekki mæla með því að sú undanþága verði veitt, að þakið megi ná út fyrir eldvarnarvegginn. –

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið.

[illegible] Páll Einarsson Kr. Þorvaldsson

K. Zimsen G. Olsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Byggingarnefndarfund 16. apr. 1910.

× 1) Guðm. Hannesson.
× 2) Tryggvi Árnason.
× 3). Þorleifur Guðmundsson.
4). Guðríður Jónsdóttir.
× 5) Vilhjálmur Bjarnarson.
× 6) Hannes Þorsteinsson.
× 7) Jón Þorsteinsson.
× 8) Emil Jensen
× 9) Jóhann Jóhannesson.
× 10) Fredriksen
× 11) Jón Þórðarson.
× 12 Ólafur Sveinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirritaður Emil Jensen kaupmaður Hverfisgötu 15 hér í bænum, leyfi mér hér með að sækja um leyfi hjá háttvirtri byggingarnefnd Reykjavíkur, um að mega byggja hús á húsgrunni þeim, er brann af, við Þingholtsstræti 23. —

Eins og meðfylgjandi teikning sýnir verður stærð hússins: 27 ál. 16 þuml. × 12 ál. — Skúr 3 ál. 18 þuml. × 4 ál. 6 þuml.

Ennfremur er hér með sókt um undanþágu frá gjaldi fyrir byggingarleyfi, með því að hér er byggt á grunni, sem hús hefir brunnið af. —

Reykjavík, 14. apríl 1910.

B. Rvk. 329/1910. Þg. 7

Jensen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rvík 14. april 1910.

Í framhaldi af bréfi mínu frá 2. þ. m. vil eg hér með fara þess á leit við hina heiðruðu byggingarnefnd, að eg megi setja 30 þumlunga breiðar steintröppur við hinn fyrirhugaða nýja búðarinngang í austurhluta hússins, Austurstræti 3. Verða þá tröppur þessar jafnbreiðar og hvor tveggja tröppurnar, sem þegar eru á sömu gangstétt við sama hús, nfl. kartöflutröppurnar fyrir miðju húsi og búðartröppur Jóns kaupmanns Brynjólfssonar og gjöra þá í fullu samræmi allar þrjár, eins og bezt fer á, enda hindra þær ekkert umferð um þá gangstétt, sem er ekki nándarnærri jafnfjölfarin og gangstéttin að norðanverðu í Austurstræti. Byggði þessar austustu tröppur við húsið mun mjórri en hinar tvær yrði það verulega ljótt og samræmið í útliti hússins spilltist. Þetta virðist þó ekki að þurfa að skýra frekar fyrir hinni heiðruðu nefnd, til þess að hún sjái, að hér er um réttmæta ósk að ræða, sem

./

B. Rvík. 328/1910 Bkt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við
Vil eg láta þess getið, að eg og sameigandi minn eigum í raun réttri það af gangstéttinni, sem tröppubreiddinni svarar og reinlega hefð, því að við höfum ekkert endurgjald fengið frá bænum fyrir þá ræmu meðfram húsi okkar, þá er gangstéttin var gerð, enda ekki krafist þess og gerum líklega ekki úr þessu, ef byggingarnefndin sýnir okkur ekki meinbægni, sem eg fyrir mitt leyti hef ekki ástæðu til að ætla.

Eg vænti leyfis hinnar heiðruðu nefndar sem allra fyrst.

Virðingarfyllst

Hannes Þorsteinsson.

Til byggingarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer að biðja hina háttvirtu byggingarnefnd, um leyfi til að byggja geymsluhús úr steinsteypu á lóð minni við Laugaveg, eins og meðfylgjandi tvíritaður uppdráttur sýnir, þó með þeirri undanþágu, að þakbrúnin megi ná út yfir eldvarnarveggin þangað til byggt verður að honum.

Það skal tekið fram, að geymsluhús það, er sýnt er á lóðaruppdrættinum með rauðum línum, verður rifið.

Reykvik 14/4 '10.

Guðríður J. Jónsdóttir Laugaveg 83

Til B. Rok. 326/1910 B. J. F.

byggingarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

JÓN ÞÓRÐARSON
ÞINGHOLTSSTRÆTI 1.
REYKJAVÍK ÍSLAND.
PÓSTHÓLF A. 34. — TALSÍMI 62.

Reykjavík 16 april 1910

Hjer með leifi jeg mjer að senda hinni heiðruðu byggingarnefnd Reykjavíkur uppdrátt og grunnplan af húsi því er jeg hef ásett mjer að byggja á lóð minni meðfram Bankastræti.

Þess skal getið að herra verkfræðingur Knud Zimsen hefur mælt út lóðina og gjört uppdrátt af henni, og kynt sjer málið að öllu leiti. –

Virðingarfylst.

Jón Þórðarson

Geta má þess til skýringar að þegar gangstjettin var lögð milli Þingholts- og Ingólfsstrætis, þá lagði jeg til lóð undir hana án þess að taka peninga fyrir

Til

Byggingarnefndar

B. Rvk.

327/1910 B 17

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi ég mjer að biðja hina háttvirtu bygging-
-arnefnd um leyfi til að byggja geymsluhús á lóð minni
við Laugaveg, eins og meðfylgjandi tvíritaður uppdráttur
sýnir, þó með þeirri undanþágu að þakbrúnin megi ná
út yfir eldvarnarvegginn þá til byggt verður að honum.

Virðingarfyllst

Guðríður J. Jónsdóttir

Laugaveg 33

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 326/1910 B. J.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirritaður leyfi mjer hjermeð að skýra hinni háttvirtu byggingarnefnd frá, að eg hefi í hyggju nú í vor að byggja fjós og heyhlöðu á erfðafestujörð minni Rauðará.

Bygging þessi á að standa norður af fjósi því sem nú er, og verða 12 álnir á breidd og 22 álnir á lengd, með 6½ al. x 5 al. skúr austan við og 6 álna porti eða gang, á milli gamla fjóssins og þessara nýju byggingar.

Teikningar af þessari fyrirhuguðu byggingu læt eg fylgja brjefi þessu.

Rauðará 7 april 1910

Vilhjálmur Bjarnarson

Til byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Kok. 30/4 1910 B.J.F

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leifi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu biggingarnefnd Reykjavíkurbæjar að henni mætti þóknast, að veita mjer leifi sitt, til að biggja mjer hús á eignarjörð minni Sauðagerði hjer í bæ, á sama grunni, og hið nýbrunna hús stóð á, að stær 12 al × 12 með áföstum útihúsum, hlöðu 10 × 12 og fjósi 6 × 12. Þess skal getið iður til athugunar að jeg hef í hyggju að biggja íbúðar húsið af steinsteypu að utan, en hin húsin af timbri og bárujárni. Jeg legg hjer með uppdrátt af hinu fyrirhugaða húsi iður til umsagnar.

Virðingarfyllst

Lindargötu 43. í Reykjavík þ. 15 April 1910

Þorl. Guðmundsson

Til

biggingarnefndar Reykjavíkur
í Reykjavík

B. Rvk. 324/1910 By. 7

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**THOMSENS MAGASÍN**
H. TH. A. THOMSEN.
REYKJAVÍK.

SÍMNEFNI: H A T. TALSÍMI: 1, 2, 3.

Reykjavík 1. April 1910.

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara fram á það við hina háttvirtu bygginganefnd, að hún veiti mjer leyfi til þess að setja dyr á vesturgaflinn á pakkhúsi mínu, er snýr út að vörupallinum við bæjarbryggjuna. Hurðina er jeg fús á, ef nefndin krefst þess, að láta ganga inn í húsið, og getur hún þá engum orðið til baga, en verður afar-hagkvæm þeim, sem afnot hefur af pakkhúsinu.

Virðingarfyllst

pr. pr. H. TH. A. THOMSEN
Karl Nikulásson

Til byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rch. 3231 [illegible]

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Get ekki séð að neitt sje til fyrirstöðu

G. Olsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi jeg mjer undirritaður að ítreka beiðni mína við hina heiðruðu byggingarnefnd Reykjavíkur um breytingu á húsi mínu við Hverfisgötu, og skal breytingin gjörð eptir því sem byggingarnefndin á síðasta fundi vildi og sem meðfylgjandi teikning sýnir.

Reykjavík 15 apríl 1910

Virðingarfyllst
Tryggvi Árnason

Til
byggingarnefndarinnar
Reykjavík

B. Rok. 322/4 á[illegible]
Bx. 7

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B. Rvk. 30/1 1910 B. y. 7

CARL FREDERIKSEN.
BAGERI.

TELEFON 67.

REYKJAVIK, D. 16 April 1910

Da Herr Stenhugger Skouv og Undertegnede nu endelig ere blevne enige om at bytte Vej saaledes at han i Stedet for at have Adgang paa östlige Side af Gröndahl Hus faaer Adgang paa den vestlige Side ned til sit Huses Ejendom. Om de vigtigste Ting er vi enige, men med Hensyn til Erstatningsspörsmaal og Grænse Bestemmelse ere vi gaaede ind paa at lægge det i en 3 Mands Voldgiftsret, da der saaledes er Udsigt at faa dette Spörgsmaal ud af Verden en af de förste Dage, er jeg herved saa fri at anmode den ærede Bygnings Kommision, om at vedtage min Bygningsplan helst allerede i aften, da jeg nödsages til at reise ned med Botnia den 5/5 og helst inden den Tid vilde have noget af Kjælderen færdig og udregnet hvad Materialer jeg behövede at kjöbe til Ovn og Huus

Ærbødigst
Carl Frederiksen

Til Bygningskommisionen i Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfum við undirritaðir okkur að sækja um leyfi háttv. byggingarnefndar Reykjavíkur til að breyta erfðafestulandi okkar fyrir ofan Þingholtsstræti (Steinsholtsbletti), er við fyrir nokkrum árum keyptum af Hans pósti Hannessyni, í byggingarlóðir.

Uppdráttur yfir landið fylgir beiðni þessari í tvennu lagi og eru afmarkaðar á honum hinar fyrirhuguðu lóðir.

Virðingarfyllst,

Hannes Thorarensen. Jón Jakobsson

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 320/1910 By. Z.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur